



## Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

41. fundur fjallaskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn að Básum, mánudaginn 11.12.2023 kl 19:00

Fundinn sátu:

Guðrún S. Sigurðardóttir

Ingólfur Jónsson

Brúney Bjarklind Kjartansdóttir

Bergur Guðmundsson

Haraldur Páll Þórsson

Fundargerð ritaði Bergur Guðmundsson

#### 1. Tillögur að leiðréttingu fjallskilaseðils

Þar sem sveitafélagið náði ekki að innleiða á haustmánuðum þessa árs nýtt álagningakerfi við innheimtu fjallskila vegna ársins 2023 leggur fjallaskilanevnd til að greiddur verði í eitt skipti árið 2023 sérstakur landbúnaðarstyrkur til sauðfjárbænda í sveitafélaginu vegna þeirrar alvarlegu stöðu sem íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir. Sveitastjórn bókaði á fundi sínum þann 1. Nóvember 2023 um stöðu landbúnaðar og lýsti þar yfir áhyggjum sínum að stöðu bænda. Leggjum við því til að sveitarfélagið komi til móts við sauðfjárbændur vegna hækkandi kosnaðar við fjallskil og annan rekstur sauðfjárbúa og greiði einskiptisstyrki samkvæmt meðfylgjandi skjali. Styrkurinn yrði í samræmi við fjárfjölda.

## 2. Tillögur fjallskilanevndar að styrktarupphæðum.

Bær	Fjöldi fjár	Styrkur
Miðengi	132	145.200
Vaðnes	20	22.000
Bjarnast/Básar	37	40.700
Stóri-Háls	251	276.100
Þóroddsstaðir	29	31.900
Brjánsstaðir	32	35.200
Hamrar	376	413.600
Nesjar	282	310.200
Bíldsfell III	30	33.000
Villingavatn	150	165.000
Björk 2	97	106.700
Hagi	141	155.100
Klausturhólar	271	298.100
Stóra-Borg	8	8.800
<b>Samtals</b>		<b>2.041.600</b>

Ekki fleira tekið fyrir á fundinum og honum slitið 21:30

